

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um breytingar á skattbyrði árin 1995–2000.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver var heildarskattbyrði af sköttum til ríkisins á hverju áruna 1995–2000? Með skattbyrði er hér átt við skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Óskað er eftir að notaðar verði sömu skilgreiningar og OECD notar í skýrslum sínum (Revenue Statistics).
2. Hver var heildarskattbyrði að meðaltali í ríkjum OECD á sömu árum?
3. Hver var skattbyrði af tekjusköttum einstaklinga (almennum tekjuskatti, útsvari, sérstöku tekjuskatti og fjármagnstekjuskatti) á sömu árum, þ.e. tekjur ríkis og sveitarfélaga af tekjusköttum á einstaklinga sem hlutfall af vergri landsframleiðslu?
4. Hver var skattbyrði af tekjusköttum lögaðila á sömu árum, þ.e. tekjur ríkisins af tekjusköttum lögaðila sem hlutfall af vergri landsframleiðslu?
5. Hver var skattbyrði af tekjusköttum einstaklinga annars vegar og lögaðila hins vegar að meðaltali í ríkjum OECD á sömu árum?

Skriflegt svar óskast.